
Smásögur Tolstojs í íslenskri þýðingu

Lafleur-útgáfan hefur gefið út allar smásögur rússneska skáldjöfursins Leó Tolstojs í nýrri þýðingu Gunnars Dal, rithöfundar. Sögurnar eru alls 23 og greinast í sjö kafla. Tolstoj er einkum þekktur fyrir stórar og miklar skáldsögur á borð við Stríð og frið og Önnu Karenínu en þrátt fyrir það má segja að hann hafi hafið rithöfundaferil sinn og lokið honum sem smásagnahöfundur. Sjálfur taldi Tolstoj tvær þeirra, Guð sér hið sanna en bíður og Fangi í Kákasus, það besta sem hann hefði skrifað. Í bókinni Hvað er list? segir hann meðal annars að fyrri sagan sé fyrirtaksdæmi um trúarlega list og sú síðari um veraldlega list.

Þetta er í fyrsta skipti sem smásögur hans eru gefnar út í



heild sinni hér á landi og því um talsverðan feng að ræða fyrir áhugafólk um bókmenntir.

Skáldspírukvöld tileinkað Tolstoj

Auk þess að hafa verið afkastamikill útgefandi hefur Benedikt Lafleur staðið reglulega fyrir skáldspírukvöldum á undanförnum árum. Næstkomandi þriðjudag verður 59. skáldaspírukvöldið haldið í versluninni og verður það sérstaklega tileinkað útkomu bókarinnar. Gunnar Dal, þýðandi smásagnanna, kemur sjálfur og les úr bókinni og leggur út af erindi hennar auk þess sem gestum gefst kostur á að ræða um Tolstoj og verk hans. Dagskráin hefst kl. 20 og er aðgangur ókeypis.



*Tilboð gildir aðeins ef sótt er.



Hækkaðu þig upp um einn
9
5 12345

PAPINOS PIZZA
Sími: 5 9 12345

Opið alla daga frá 16:00 til 22:00 Núpalind 1, 201 Kópavogi Reykjavíkurvegi 62, 220 Hafnarfirði



Lífheimur H.C. Andersen

Ævintýraskáldið Hans Christian Andersen er uppspretta innsetninga sem þrír af helstu listamönnum samtímans, Joseph Kosuth og hjónin og samstarfsmennirnir Ilya og Emilia Kabakov, sýna á Kjarvalsstöðum og í Hafnarhúsinu. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, opnar sýninguna á Kjarvalsstöðum á morgun kl. 14 en opnunardaginn ber upp á fæðingarafmæli H.C. Andersens. Hluti sýningarinnar er í porti Hafnarhússins og er hún opnuð þar kl. 18 sama dag. Listamennirnir verða viðstaddir opnun sýningarinnar.

Bæði Kosuth og Kabakovhjónin eru frumkvöðlar innan samtímalistarinnar. Joseph Kosuth var einn af máttarstólpum listaheimsins í New York á sjöunda áratugnum, þegar grunnur var lagður að konseptlistinni og hefur síðan þá verið lifandi goðsögn innan myndlistarheimsins. Það sama má segja um Ilya Kabakov, sem er þekktur sem „faðir Moskvu konseptsins“ og einn fremsti listamaðurinn sem kom frá fyrrum Sovétríkjunum. Frá árinu 1989 hefur hann starfað með eiginkonu sinni Emiliu að ævintýralegum innsetningum sem hafa heillað sýningargesti allra helstu listasafna heimsins.

Sunnudaginn 2. apríl kl. 13 fjallar Emilia Kabakov um list sína og Ilyas og sýnir myndir af verkum þeirra. Fyrirlesturinn fer fram í fundarsal Kjarvalsstaða.

Málþing um japanskar bókmenntir

Íslensk-japanska félagið minnist 25 ára afmælis á þessu ári. Af því tilefni stendur félagið fyrir málþingi um japönsk ljóð og sögur í Háskóla Íslands, Odda, stofu 101, í dag kl. 14. Aðalfyrirlesari verður Alan Cummings, lektor í japönsku máli og bókmenntum við Lundúnaháskóla. Nefnist fyrirlestur hans „Narrative and geography in Kabuki“ og verður fluttur á ensku.

Allir eru velkomnir á málþingið sem haldið er í samvinnu við japanska sendiráðið á Íslandi.

LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU
24. starfsár



Dietrich Buxtehude (1637-1707)
Membra Jesu Nostri

Hallgrímskirkju 2. apríl kl.17:00

Flytjendur:
Hymnodia - Kammerkór Akureyrarkirkju
Anna Zander - sópran, Helena G. Bjarnadóttir - sópran, Sigrún A. Arngrímsdóttir - alt, Michael Jón Clarke - bariton, Haraldur Hauksson - bassi, Lars Sjöstedt - orgel, hljómsveit skipuð sænskum og íslenskum barokktónlistarmönnum.
Stjórnandi: Eyþór Ingi Jónsson

Aðgangseyrir kr. 2000,-/1500,-

Miðasala í Hallgrímskirkju
s. 510 1000.